

Ná.

546. Þingsályktun

um skipun millipinganefndar í strandferðamálinu.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögur um skipulag strandferðanna. Skal nefndin

skipuð þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Eimskipafjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands, 1 eftir tillögum Sambands íslenskra samvinnufjelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands.

Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti. Nefndin kys sjer sjálf formann og starfar endurgjaldslaust. Tillögur hennar skulu lagðar fyrir næsta Alþingi.